

**Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar fimmtudaginn 3. júlí kl.  
17:00 félagsheimilinu Þórsveri.**

**DAGSKRÁ:**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Jóhanna Helgadóttir, Hulda Sigurðardóttir, Sóley Vífilsdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Sigurður Jóhannes Jónsson.

Oddviti óskaði eftir heimild fundarins til að bæta við áðursenda dagskrá eftirtöldum dagskrárliðum:  
Foreldrafélag leikskólans – Ósk um styrk (til afgreiðslu)  
Þórsver – kynding á kvennasalerni (til afgreiðslu)

**Samþykkt samhljóða**

**Dagskrá**

**1. Fundargerðir nefnda og ráða.**

- Hreppsnefnd 16.05.08 (lagt fram)
- Hreppsnefnd 16.06.08 (lagt fram)
- Hreppsnefnd 25.06.08 (lagt fram)
- USB 28.05.08 (samþykkt samhljóða)
- Íþrótt og tómstundanefnd 04.06.08 (samþykkt samhljóða)

Vegna bökunar ÍTN varðandi staðsetningu og stærð skólagarða, sveitarstjóra falið að finna varanlega staðsetningu fyrir næsta ár í samvinnu við ÍTN.

Fulltrúa sveitarstjóra falið að fá brunaeftirlitsmann til að taka út svartholið með tilliti til öryggismála og brunavarna, fyrir haustið

**2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.**

**• Heilbr.nefnd Norðurlands eystra 110 fundur**

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir drög að samþykktum um hesthús og önnur griphús í skipulögðum búfjárhverfum á starfssvæði heilbrigðisnefndu Norðurlands eystra, og leggur til að þau drög verði að samþykktum

- SÍS – fundargerð 754 fundur
- Heilbr.nefnd Norðurlands eystra 111 fundur
- Eyþing – 194 fundur

**3. Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra.**

Fulltrúi Sveitarstjóra flutti skýrslu sína

Innsend erindi

**Til kynningar:**

- Sparisjóður Þórshafnar – Varðar minnisvarða um Valda vatnsbera
- Sambandið – Sveitamennt – sameiginlegur starfsmenntasjóður
- Gáttir – þróunarverkefni í menningartengdri ferðaþjónustu
- ITN – Vinnuskóli Langanesbyggðar
- ÍTN – Sumarstarfsemi barna í Langanesbyggð

Hreppsnefnd Langanesbyggðar lýsir ánægju sinni yfir hugmyndum ÍTN og hvetur nefndina að halda áfram á slíkri braut, til þróunar og framfara. Einnig telur hreppsnefnd mjög áriðandi að vinnuskólinn meðal annara sé meðvitaður um það átak sem stefnt er að í flokkun og meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð

- Vegagerðin – Vegamál á Þórshöfn

Sveitarstjóra og eða fulltrúa sveitarstjóra falið að vinna málid áfram við Vegagerð og gagnvart fjárveitingarvaldinu

SJ  
BB

- **Vegagerðin – Veggiröing milli Þórshafnar og Bakkafjarðar**
- Vaxtasamningar Norðausturlands – greiðsluáætlun
- **Menntamálaráðuneytið – Menntaþing**
- Tryggingarmálaráðuneytið- hækkun húsaleigubóta og sérstakar húsaleigubætur

*Hreppsnefnd samþykkir fyrirliggjandi drög að hækkun húsaleigubóta og sérstakar húsaleigubætur – fulltrúa sveitarstjóra falið að gera reglur þar að lútandi.*

- **Svalbarðshrepur – Erindi Steingríms J. Sigfússonar**
- **Sparisjóður Þórshafnar – Svar við bréfi**
- **Samgöngu ráðuneytið – erindi um þátttöku í rannsóknum í Gunnólfsvík svarað**
- **Vegagerðin – fjárveiting til styrkvega 2008**

#### Til afgreiðslu:

- **Helga Kvam & Völundur Jónsson – Myndir úr sveitarféluginu.**  
*Samþykkt að hafna erindinu*

- **Tilboð í Lindabrekku Bakkafirði**

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir kauptilboð Baldurs Öxdal í Lindabrekku á Bakkafirði með vissum skilyrðum – fulltrúa sveitarstjóra falið að koma því áleiðis.*

- **Pálmholt 9 – Anna Þorsteinsdóttir**

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir úthlutun Pálmholt 9 til Önnu Þorsteinsdóttur*

- **Grunnskóli Þórshafnar – tilboð Trésmiðjan Brú – vísa til endurskoðunar fjárhagsáætlun**

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir kostnaðaráætlun frá Brú Trésmiðju í lagfæringu innanhús í Grunnskóla Þórshafnar sem og þakviðgerðir á elsta hluta skólans - áætlun uppá rúmar 6 milljónir.(þar af 2 millj. vegna þaks) vísast það því til endurskoðunar á fjárhagsáætlun 2008*

- **Reglur um fjárhagsaðstoð og reglur um úthlutun á félagslegu íbúðarhúsnæði**

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar vísar reglunum til næsta fundar til afgreiðslu*

- **Fagnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla**

*Hreppsnefnd samþykkir að starfsfólk leikskóla Langanesbyggðar verði gert kleyft í vinnutíma að sækja fagnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla enda fáist 70-75% námskeiðskostnaðar endurgreiddur frá stéttarfélögum.*

- **Nýsköpunarkepnni grunnskólanemenda – styrkumsókn**

*Samþykkt að vísa erindinu til Fræðslu – og menningarnefndar til umsagnar*

- **Kátir dagar styrkumsókn**

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að styrkja Káta daga með 150.000 króna framlagi – kostnað vegna bessa skal taka af fjármunum áætuðum til hátlíðsaga í fjárhagsáætlun 2008*

- **Úthlutun byggðakvóta**

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar leggur til að úthlutunarreglur byggðakvóta verði óbreyttar í þeiri mynd sem þær koma frá sjávarútvegsráðuneytinu fyrir fiskveidiárið 2007/2008 Hreppsnefnd lýsir mjög mikilli óánægju varðandi lámarksúthlutun fyrir Þórshöfn og óskar estir skýringum þar að lútandi. Fulltrúa sveitarstjóra falið að koma því á framfæri.*

- **Umsókn um brennuleyfi – 19. júlí (hafnarsvæði)**



*Hreppsnesfnd Langanesbyggðar samþykkir fyrirliggjandi umsókn um leyfi fyrir brennu svo framarlega að fylgt sé þeim lögum og reglum sem brennu fylgir.*

## Aukalega inná dagskrá.

## **Foreldrafélag leískólans – Styrkur**

Innsent erindi frá foreldrafélagi leikskólans um að félagið fái styrk gegn vinnuframlagi við lagfæringer á leikskólaþóð. Samþykkt að styrkja Foreldrafélag leikskólans um 50.000 krónur

## Pórsver – kynding kvennasalerni

*Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að setja skuli upp kyndingu á salerni kvenna í Þórsverfi*

Fundargerð samþykkt samhljóða.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:10

t og fundi slitið kl. 20:10  
Sigrun J.  
Guðlaug  
Sigrun J. Þóra  
Jóhanna Þelgadóttir